

undan, að byggingarnefndin í kaupstaðnum hafi neitað L. Popp um, að lengja vöruhús nokkurt um 11 álnir út yfir lóð eina, þar sem nú er timburhús eitt lítið, sem á að rífa, ef leyfið fæst, en þessu hefir byggingarnefndin neitað af því, að vöruhúsið, sem aðeins samkvæmt leyfi nefndarinnar fyrst um sinn má standa þar, sem það nú er reist, yrði svo nálægt næsta húsi, ef byggt væri við það, að einungis yrði 1 alin á milli. Jafnframt þessu hafið þér borið það upp við stjórnarráðið, að þetta verði leyft, og hafið þér skýrskotað til, að eigi verði í þessu tilfelli farið eptir opnu bréfi 6. janúar 1857¹ 5. gr. B, heldur eptir því, sem fyrir er mælt í sömu gr. C, í niðurlaginu, og í D, er þar sé ekki með þerum orðum tekið fram, að þess eigi að gæta, sem fyrir skipað er í staflíðnum B um afstöðu milli nágreinnishúsa.

Útaf þessu verður yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, að eptir því, sem ástatt er, verður úrskurður byggingarnefndarinnar að standa óraskaður.

1870.
30. júní.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárveiting til pósthæða.

30. júní.

Eptir að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi, dags. 14. októbr. f. á., hafði hlutast til um, að 348 rd. 21 sk., sem amtmaðurinn í vesturumdæminu og sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu höfðu borgað fyrirfram til pósthæða á Íslandi um lok fjárhagsársins 1868—69, yrði teknir upp í frumvarp til aukafjárlaga fyrir fjárhagsárið 1869—70, er nú þetta fæ veitt með lögum um aukafjárveiting fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílm. 1869 til 31. marzm. 1870.

Um leið og þetta verður hærmeð yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, skal þess getið, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum um þessa fjárveiting og að fæð megi greiða úr jarðabókarsjóðnum. Enn fremur skal því við bætt, að skýrt

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 157.

1870.
30. júní. er frá því í athugasemdunum við reikningsyfirlitið fyrir fjárhagsárið 1868—69, að útgjöld við póstferðir á Íslandi á þessu fjárhagsári hafi verið 103 rd. 80 sk. meiri en tekjurnar, samkvæmt reikningi landfógeta.

30. júní. **57. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um leyfi til að mega veita nafngreindum stúðenti brauð.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 27. þ. m. allramildilegast að fallast á, að stiptsyfirvöldin á Íslandi megi fá vald til að veita stúðenti Jóni Jónssyni úr Húnavatnssýslu eitthvert af þeim lökustu brauðum, sem nú eru laus á Íslandi, án þess að honum verði gefið fyrirheit um að fá betra brauð.

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til þess þér kunngjörð það og gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf.

30. júní. **58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun handa málafærslumönnum við landsyfirréttinn.**

Í bræfi, dagsettu 29. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess, að það tímabil, sem tiltekið var í bræfi dómsmálastjórnarinnar 9. febrúar 1866¹ að borga mætti hinum settu málafærslumönnum við landsyfirréttinn á Íslandi, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsteð, laun þeirra, 250 rd. á ári handa hvorum um sig, úr dómsmálasjóði Íslands, væri á enda 31. desemberm. f. á., og hafið þér lagt það til, að greiða megi þessi laun eptirleiðis sem áður úr dómsmálasjóðnum frá 1. janúarm. til 30. júním. þ. á., en að

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 300.